

## L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 millj. króna, gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Reykjavíkur.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 milljóna króna lán, er hafnarsjóður Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

## 2. gr.

- a. Á eftir orðunum „að gera höfnina“ í 1. másl. 3. gr. laganna komi: og önnur mannvirki, samanber 1. gr.
- b. Í stað orðanna „sem hafnargerðin hefur í för með sér“ í 1. másl. sömu lagagr. komi: sem mannvirki þessi hafa í för með sér.

## 3. gr.

Á eftir orðunum „er nota festar hafnarsjóðs“ í 5. másl. 10. gr. laganna komi:

6. Þurrkviargjald af skipum eða bátum, sem nota þurrkviar hafnarinnar.
7. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbrautir eða rennibrautir hafnarinnar.
8. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

## 4. gr.

Á eftir 1. málsg. 17. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt á notkun þurrkvía, dráttarbrauta eða annarra mannvirkja hafnarinnar við Elliðaárvog.

*Gjört í Reykjavík; 30. desember 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*